

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-76/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem fékk í skiptum fyrir aðra bifreið frá Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst aðallega úrbóta og skaðabóta, en til vara riftunar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 5. október sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 7. október. Með bréfi, dags. 14. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þær hinn 8. desember. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 19. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að apríl 2015 gerði álitsbeiðandi bifreiðaskipti á sléttu við seljanda. Lét álitsbeiðandi frá sér bifreið af gerðinni Mercedes Benz 200, árgerð 1979, ekna 220.000, en fékk í staðinn frá seljanda, bifreið af gerðinni Land Rover Freelander, árgerð 1998, ekna 230.000 km, en 120.000 km á vél, að sögn seljanda. Fóru viðskiptin fram án aðkomu bifreiðasala og fór álitsbeiðandi ekki með bifreiðina í skoðun. Innan við mánuði eftir kaupin bilaði bifreiðin sem álitsbeiðandi hafði fengið við skiptin. Var það í þriðja skiptið sem hann ók bifreiðinni og kom í ljós að hedd, pakkning, vatnsdæla og vatnskassi voru ónýtt og grunar álitsbeiðanda að vélarblokkinn kunni einnig að vera brotin. Segir álitsbeiðandi að við skiptin hafi seljandi sagt að bifreiðin væri í góðu lagi, en hins vegar hafi hann talað um að vatnið í forðabúrinu fyrir vatnskassann sogaðist úr honum og inn í vél bifreiðarinnar. Segir álitsbeiðandi að eftir að bilunin kom upp hafi hann haft samband við seljanda sem hafi boðist til að gera við bifreiðina, en það hafi hins vegar dreigst mjög. Segist álitsbeiðandi því hafa gefist upp á biðinni og hafist handa við að gera við bifreiðina sjálfur. Kostnaður vegna þessa nemi nú um kr. 150.000 og sé fyrirséður frekari kostnaður um kr. 120.000, samtals um kr. 270.000. Krefst álitsbeiðandi þess aðallega að seljandi greiði honum skaðabætur sem nemi útlögðum kostnaði við viðgerðina og klári að auki viðgerð á bifreiðinni, en til vara að kaupin gangi til baka, þ.e. verði rift.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tilkynningu um eigendaskipti á ökutækjunum, afrit af reikningum vegna kaupa á varahlutum, ljósmyndir af vél bifreiðarinnar, sem og myndbandsupptaka af vélinni.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að bifreið sú er hann fékk frá álitsbeiðanda hafi einnig bilað með svipuðum hætti og bifreið álitsbeiðanda, þ.e. vatnskassi o.fl. Rekur seljandi og að samskipti hans við álitsbeiðanda hafi verið afar neikvæð og að kalla hafi þurft til

lögreglu í einu tilviki. Segir seljandi að við skiptin hafi báðir aðilar tilgreint ýmsa vankanta á bifreiðunum. Segist seljandi og telja að álitsbeiðandi hafi sett vatn á vatnskassa bifreiðarinnar, án þess að nota frostlög, sem síðan hafi valdið skemmdum á bifreiðinni. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi viðurkennt þetta í samtali við sig.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur það helst fram að álitsbeiðandi kannast ekkert við að hafa sett vatn eða frostlög á bifreiðina áður en hún bilaði, enda eigi slíkt ekki að þurfa þegar bifreiðar séu í lagi. Ítrekar álitsbeiðandi og að seljandi haf sagt honum við skiptin að bifreiðin sem hann fékk frá seljanda væri í góðu lagi.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir 50/2000 um lausafjárkaup.

Eins og að framan er rakið skiptu álitsbeiðandi og seljandi á bifreiðum á sléttu í apríl 2015. Lét álitsbeiðandi frá sér Mercedes Benz 200 bifreið, árgerð 1979, ekna 220.000 km og fékk í staðinn bifreið af gerðinni Land Rover Freelander, áregerð 1998, ekna 230.000 km, en aðeins 120.000 km á vél að sögn seljanda. Hvorug bifreiðin virðist hafa verið söluskoðuð áður en gengið var frá skiptunum. Um mánuði eftir viðskiptin bilaði bifreiðin sem álitsbeiðandi eignaðist í skiptunum. Segir álitsbeiðandi að skoðun sín hafi leitt í ljós að hedd, þakking, vatnsdæla og vatnskassi bifreiðarinnar voru ónýtt. Hefur álitsbeiðandi þegar eytt kr. 150.000 í varahluti og áætlað að kaupa þurfi varahluti fyrir kr. 120.000 til viðbótar. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi endurgreiði sér útlagðan kostnað vegna bilunarinnar og að auki að seljandi geri við bifreiðina. Til vara krefst álitsbeiðandi riftunar. Seljandi hefur hafnað kröfum álitsbeiðanda, bent á að bifreiðin sem hann fékk frá álitsbeiðanda hafi einnig bilað og að báðir aðilar hafi tilgreint ýmis atriði sem ömuðu að bifreiðunum við kaupin.

Hvorki kaupsamningur né afsal liggja fyrir í gögnum málsins. Má þó gera ráð fyrir að viðskipti aðila hafi verið þannig úr garði gerð að hvor eftirlét hinum bifreið „í því ástandi sem [hún] var“ og að viðskiptin falli því undir 19.-20. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, en þar segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. [...]

„20. gr. Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi

hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.“

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Gegn mótmælum seljanda álitur kærunefndin að ekki hafi verið leitt í ljós um það að seljandi hafi vitað eða mátt vita um að þannig væri ástætt með vél bifreiðarinnar að hún bilaði innan við mánuði eftir viðskipti aðila, í skilningi b-liðar 1. mgr. 19. gr. Þá bendir ekkert til þess að bifreiðin hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi gaf um hana í skilningi a-liðar sömu mgr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 1. mgr. 19. gr. Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi lét ekki óháðan aðila meta ástand bifreiðarinnar fyrir kaupin. Kaupverð liggur í raun ekki fyrir, þar sem um skipti var að ræða, og getur vart skipt máli hvaða mat aðilar leggja á verðmæti bifreiðanna við skiptin, sem báðar voru gamlar og mikið eknar. Hefði hedd og pakkning bifreiðarinnar verið léleg má ætla að slíkt hefði komið fram við venjulega ástandsskoðun fyrir kaupin, þ.e. með þjöppumælingu og athugun á gasmyndun í kælivatni. Þegar litið er til þess og að bifreiðin var orðin um 17 ára gömul þegar kaupin fóru fram og ekin um 220.000 km álitur kærunefndin að ástand bifreiðarinnar hafi ekki verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði eða mátti hafa ástæðu til að ætla miðað við kaupverðið og atvik að öðru leyti, sbr. ákvæði c-liðar 19. gr. laga nr. 50/2000. Af framangreindum ástæðum verður að hafna kröfu álitsbeiðanda.

VII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir